



Framkvæmda- fréttir

6. tbl. / 13



Hvalfjarðargöng voru lokuð vegna viðhaldsvinnu frá miðnætti til kl. 6 að morgni fjórar nætur í síðustu viku (15. viku) og verða lokuð á sama tíma tvær nætur í þessari viku (16. viku) aðfaranótt þriðjudags 16. apríl og aðfaranótt miðvikudags 17. apríl. Verið er að þrífa göngin hátt og lágt, unnið er að uppsetningu ljósaskilta og að ýmsu viðhaldi. Sjá einnig myndir á bls. 7

Vegir sem fyrirgefa mistök - aukin hugsun um umferðaröryggi

Áður birt á vegagerdin.is 10.04.2013

Það deyrja 1,3 milljónir manna á hverju ári í umferðarslysum samkvæmt útreikningum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar og ekki hægt að líkja því við annað en faraldur, heimsfaraldur. Þetta jafngildir því að á hverjum degi hrapa 9-10 flugvélar.

Þetta kom fram í máli Mike Dreznes sem er varaforseti IRF, International Road Federation, en hann hélt erindi á fundi sem Félags íslenskra bifreiðaeigenda átti frumkvæði að en að honum stóðu einnig Vegagerðin, innanríkisráðuneytið og Samtök fjármálafyrirtækja.

Umferðaröryggi er snar þáttur í starfi Vegagerðarinnar og þá er lítið til vegakerfisins, umhverfis vega og vegriða sem Mike Dreznes fjallaði mikið um í erindi sínu.

Á síðustu árum hefur umferðaröryggi sífellt orðið mikilvægari þáttur í starfsemi Vegagerðarinnar og mun öryggið halda

áfram að skipta mestu máli. Það var því fengur að fá Mike Dreznes hingað til lands. Í fyrirlestri sínum, sem var mjög líflegur, fjallaði hann um herferð Sameinuðu þjóðanna um áratug aðgerða þar sem stefnan er sett á að fækka banaslysum um helming á árunum 2011-2020.

Fram kom í ávörpum Hreins Haraldssonar vegamálastjóra og Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra að hér á landi væru menn meðvitaðir um mikilvægi vega sem fyrirgefa mistök ökumanns, þ.e.a.s. þannig að komi eitthvað upp á með ökumann eða bíl, þá sé vegakerfið þannig hannað og útbúið að ekki hljóti bani af.

Hjá Vegagerðinni er unnið markvisst að þessu samkvæmt umferðaröryggisáætlun stjórnvalda. Það er gert með því að til dæmis að bæta umhverfi vega og með uppsetningu vegriða ▶

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 21. árg. nr. 603 15. apríl 2013

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglysingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Mike Dreznes varaforseti IRF, International Road Federation, á fundi með starfsfólki Vegagerðarinnar.

sem vegfarendur hafa víða orðið varir við á síðustu misserum.

Líkt og Mike Dreznes kom inn á þá verður aldrei hægt að koma í veg fyrir slyss, menn verða að einbeita sér að því að fækka þeim en líka og ekki síður að koma í veg fyrir banaslyss og alvarleg slyss þótt óhapp verði eða mistök gerð.

Þegar kemur að umferðaröryggi líta menn til þriggja þátta, ökumannsins, bílsins og vegarins. Menn verða að setta sig við að vegfarendur muni stundum haga sér heimskulega og þeir muni gera mistök, vegakerfið þurfi að vera þannig útbúið að það fyrirgefi þessi mistök. Þess vegna er á ensku talað um „forgiving roads“ eða fyrirgefandi vegi. Einnig má nefna þá verndandi vegi sem var yfirskrift fundarins.

Dreznes fór vel yfir vegrið og búnað sem hann ítrekaði að þurfi að vera viðurkenndur og rannsakaður. Mistök hafi verið gerð í gegnum tíðina með vegriðsenda til dæmis, fyrst upp úr miðri síðastri öld með enda sem stungust gjarnan í gegnum bifreiðar við árekstur, það leystu menn með því að leida vegriðsendann niður í jörðina, sem leiddi aftur til þess

að þegar ekið var á endann tókst bíllinn á loft. Þetta sé ekki lengur gert, eða eigi ekki lengur að vera gert. Allt of mikið er um að menn noti úreltar, hættulegar aðferðir, benti hann á.

Vegfarendur á höfuðborgarsvæðinu hafa séð vegriðsenda einsog þeir eiga að vera, sérstaklega þar sem umferð er mikil og hröð. Það er að segja með eftirgefanlegum enda sem líka mætti kalla fyrirgefanlegan enda, nokkurs konar harmonikka sem gefur eftir við árekstur.

Mike Dreznes ræddi einnig við starfsmenn Vegagerðarinnar sem koma að umferðaröryggi og hönnun vega. Hann var sérstaklega ánægður með hver framfarlega Ísland stendur í umferðaröryggisrýni sem er nauðsynlegur þáttur til að auka umferðaröryggi nýrra mannvirkja. ■

Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar Kjarnar úr festum vegum

Skýrsla mars 2012, útdráttur, sjá í heild: www.vegagerdin.is
undir „Upplýsingar og útgáfa - Rannsóknarskýrslur - mannvirki“
Höfundar: Ingvi Árnason og Guðmundur Ingi Waage, Vegagerðin,
Sigursteinn Hjartarson SHJ. ehf.

Inngangur

Með þessari skýrslu er leitast við að setja fram á einum stað upplýsingar um hvernig skoða skuli árangur af bindingu burðarlags á vegi með fræsun og íblöndun bindiefnis í uppfræst efnið og jöfnun þess á veginum með „Festun“ eins og aðferðin er nefnd.

Festun er ætlað að binda fínefni í burðarlagi vega með of hátt hlutfall fínefnan undir sigti 0,063 mm. Oftast er verið að binda efni sem hefur brotnað niður undir umferð og er burðarlagið þá orðið vatnsdrægt.

Til eru tilvik þar sem ófullnægjandi steinefni er valið í burðarlagið vegna kostnaðar við að flytja hæft efni að langar leiðir. Þá er heppilegast að búa til sementsbundið eða bikbundið efni í færanlegri blöndunarstöð og leggja það svo út með útlagningarvél. Hægt er að leggja blandað efnið út með hefli en það hefur í för með sér ójafnari þjöppun þótt una megi við árangurinn ef vel er vandað til verka.

Víða er leitast fanga en drýgstar eru upplýsingarnar frá

tilraun í Langadal og skýrslur eftirlits um festun á árunum 2010 og 2011. Greinar, verklýsingar og leiðbeingar frá hinum Norðurlöndunum og frá Ameríku liggja einnig til grundvallar þessarar skýrslu og margra ára reynsla af bikfestun í öllum landshlutum.

Helstu markmið

Tilgangurinn með þessu verkefni er að velja aðferð við sýnatökur svo fá megi sem besta mynd af árangrinum við festun burðarlags án of margra mistaka við sýnatöku og geymslu sýna. Rétt er að gera sér strax grein fyrir því að verið er að skoða hvernig til tókst svo draga megi lærdóm af því sem gert hefur verið. Þetta nýtist ekki til eftirlits á framkvæmdatíma verksins sem sýnið er tekið úr Niðurstöður úr vinnslu sýnanna gefa niðurstöður sem má nýta við uppgjör verksins milli verkta og verkkaupa.

Prufutökur úr bikfestun

Um margra ára skeið var eingöngu notuð bikfestun við fræsingu og festun vega hér á landi. Froðubik var bindiefnið en í fáeinum verkum var þó notuð bikþeyta. Ýmist voru tekin sýni úr vegum sem festa átti og gerðir Marshallkjarnar úr þeim og þannig ákveðið hvaða bindiefnismagn skyldi notað eða bindiefnismagn var ákveðið skv. norsku Håndbok 018. Borkjarnatökur úr bikfestum köflum hafa alltaf verið ófullkomnar. Bestu kjarnarnir hafa orðið allt að 70 - 80 mm langir en oftast þó um og innan við 50 mm. Neðri hluti kjarnans molnar óreglulega og er ekki nothæfur til prófunar. Í bikþeytufestunum náðust kjarnar sem voru með 20 - 30 mm lagi af biksteypu efni í topnum en restin af kjarnanum molnaði sundur. Í erlendum gögnum m.a. fylgiskjali 4 kemur fram að borkjarnataka sé erfiðleikum háð og að reglan sé sú að taka prufur úr blönduðu efni áður en það er lagt út og þjappað og úr því steypfir kjarnar með ýmsu móti og mismunandi tækjum eftir því hvort um sement eða bik er að ræða og líka eftir því hvort unnið er í Noregi eða Suður-Afríku



Lýsing á verkefni

Með skýrslunni er leitast við að setja fram á einum stað upplýsingar um hvernig skoða skuli árangur af bindingu burðarlags í vegi með fræsun og íblöndun bindiefnis. Tilgangurinn er að velja aðferð við sýnatöku svo fá megi sem besta mynd af árangrinum. Niðurstaða miðað við reynslu undanfarinna ára í verkum, þar sem bik eða sement hefur verið notað til íblöndunar, er sú að vænlegast sé að taka sýni af blöndunni áður en hún er þjöppuð, færa á rannsóknastofu til að steypa sívalninga og til frekari prófana. Borkjarnataka er mjög erfið og misheppnast oft. Bent er á að gera einnig falllódsmælingar, til að meta árangurinn.

Tillaga

Af því sem þegar er komið fram má álíta heppilegast að sýni verði tekin úr fullblönduðum og útlögðum masa áður en völtun fer fram. Úr sýninu sé steypur sívalningur til þrýstipólspórs og í því verði mælt bindiefnisinnihald. Falllódsmæling skal framkvæmd sem næst 1 mánuði eftir að festun er lokið og aftur vorið eftir þegar frost er að fara úr jörð. ■

Mynd frá verkstjóranámskeiði 1938, leitinn heldur áfram

Í 7. tbl. 2011 var birt mynd sem Sigríður Zoëga ljósmyndari tók af kennurum og þátttakendum á námskeiði fyrir vega- verkstjóra í apríl 1938, alls 41 maður. Myndin birtist í bókinni *Verkstjórar - saga Verkstjórasambands Íslands* sem kom út 2001. Höfundurinn Þórarinn Hjartarson safnaði upplýsingum um mennina á myndinni og tókst með mikilli elju að nafngreina flesta. Samt vantaði enn 8 nöfn og var birtingin í þessu blaði tilraun til að leysa þessa gátu. Það bar þann árangur að tvö nöfn bættust í safnið. Í 4. tölublaði birtum við aftur myndir af þeim sem enn vantaði og bar það þann árangur að tvær tilgátur bárust til viðbótar. Hér birtist svo enn ein tilgáta og vantar þá aðeins þrjú nöfn.



nr. 18

Haraldur Sigfússon frá Stóru- Hvalsá í Hrótafirði telur að maður nr. 18 sé **Guðlaugur Jónsson** fæddur 1. feb. 1900. Í Samvinnunni 6. tbl. 1981 skrifar Böðvar sonur Guð- laugs minningarbrot um föður sinn. Þar segir:

„Á vorin og sumrin stundaði faðir minn vegavinnu, ýmist í sveitinni, við sýsluveg, eða suður á Holtavörðuheidi. Var hann þá oft flokksstjóri eða verkstjóri og einn veturinn sótti hann námskeið fyrir verkstjóra, sem haldið var í Reykjavík (*þá hefur myndin verið tekin, innskot ritstjóra*). Var það án efa gert til þess að standa betur að vígi til að taka að sér verkstjórn. Þessu námskeiði lauk með smáhófi og þar mun pabbi hafa varpað fram eftirfarandi kvíðlingi:

Hvar sem vantar vegi
verður örðug för,
samt við sitjum eigi
sýtandi þau kjör.
Takmark okkar teljum
að trygg og greið sé braut.
Viðlag okkar veljum:
Vinnum, sigrum þraut.

Mynd af Guðlaugi Jónssyni sem
birtist með minningargrein í
Íslendingaþáttum Tímans 25. sept.
1976. Hann lést 2. ágúst það ár.




Leiðrétting

Í síðsta blaði birtist tilgáta um að maður nr. 37 væri Sigurður Sigfússon frá Vopnafirði. Prentvilla var í fæð- ingarári en réttur fæðingardagur er 29. september 1896.



Réttur endafrágangur á vegrið við Reykjanesbraut. Vegrið fellur saman eins og harmonikka ef ekið er á það og stöðvar ökutækið um leið.



Auglýsingar útboða

**Staðarbraut (854),
Aðaldalsvegur - Laxá 13-004**

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu Staðarbrautar í Aðaldal á tveimur köflum, frá Aðaldalsvegi að Hellulandi, lengd 2,26 km annarsvegar og frá Múla að Laxá hjá Brúum, lengd 2,19 km hinsvegar.

Helstu magntölur eru:

Fylling	17.550 m ³
Fláafleygar	9.470 m ³
Styrktarlag 0/63	10.030 m ³
Burðarlag 0/22	4.130 m ³
Klæðing	32.200 m ²
Ræsalögn	74 m
Rásarbotn og fláar	56.300 m ²
Auka efnisvinnsla 4/16	1.000 m ³

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2013.

Útboðsgögnin eru seld í móttöku Vegagerðarinnar Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík og frá og með mánudeginum 15. apríl 2013. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 30. apríl 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

**Staðarbraut (854),
Aðaldalsvegur - Laxá
Sjá útboðsauglýsingu**

Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar Stöðugleiki og seigjustýring steinsteypu

Skýrsla mars 2012, útdráttur, sjá í heild: www.vegagerdin.is
undir „Upplýsingar og útgáfa - Rannsóknarskýrslur - mannvirki“
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Höfundur: dr. Jón E. Wallevik

Inngangur

Sjálftúleggjandi steinsteypa (SÚL steypa) er sérstök tegund af steinsteypu sem ekki þarf að víbra þegar hún er lögð ofan í mót. Þessum eiginleikum er náð með mjög flæðanlegri efju með lágri flotskerspennu en á sama tíma nógu háum seigjustuðli til þess að styðja við fylliefnin í steypunni og koma þar með í veg fyrir aðskilnað í steypunni. Aðskilnaður í sjálftúleggjandi steinsteypu lýsir sér í að steypa missir

einsleitnis eiginleika sína sem þýðir að fylliefnin (möl og sandur) sökkva til botns en vatn og sement flýtur upp á yfirborðið. Aðskilnaður í steypu getur verið mis mikill eða allt frá litlu yfirborðsblæði sementsefju yfir í algjöran aðskilnað fylliefna og sementsefju. Mikill aðskilnaður í steinsteypu eyðileggur steypuna. Mæling á aðskilnaði er mjög erfitt viðfangsefni og hafa verið þróaðar margar tegundir mæliaðferða sem hafa það sameiginlegt að gefa ónothæfar niðurstöður. Ekki eru til neinar nothæfar vísindalegar aðferðir til þess að meta aðskilnað í sjálftúleggjandi steinsteypu. Þær aðferðir sem notaðar eru í dag eru byggðar á reynslutengdum aðferðum.

Megin markmið verkefnisins er því að þróa og hanna mælitækið Segrometer-4SCC, til þess að meta aðskilnað í sjálftúleggjandi steinsteypu með hjálp ferðaseigjumælis, Rheometer-4SCC, sem þróaður var á Rannsóknastofnun



Ferðaseigjumælir Rheometer-4SCC.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2013, blettanir með klæðingu 13-016

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði og Vestursvæði á árinu 2013.

Helstu magntölur:

Blettun (kl) útlögn á Suðursvæði . . . 100.000 m²

Blettun (kl) útlögn á Vestursvæði . . . 200.000 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 15. apríl 2013. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 30. apríl 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Norðfjarðargöng, eftirlit 13-021

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Norðfjarðarganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar.

Jarðgöngin verða um 7,5 km löng í bergi og er breidd þeirra 8,0 m í veggþé. Heildarlengd vegskála er um 370 m. Verkið nær enn fremur til lagningar um 7,0 km af nýjum vegum. Eftirlitið nær einnig til fleiri útboða í verkinu svo sem til stýrikerfis, fjarskiptakerfis, hraðamyndavéla og byggingu brúa á Eskifjarðará, 38 m og Norðfjarðará, 44 m.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11 til 13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 15. apríl 2013. Verð útboðsgagna er 10.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. maí 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður á sömu stöðum þriðjudaginn 4. júní 2013 kl. 14:15 þar sem lesin verður upp stiga-gjöf bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð hæfra bjóðenda opnuð.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Niðurstöður útboða

Yfirborðsmerkingar á Suðursvæði 2013-2014, sprautuplast og mössun 13-018

Tilboð opnuð 9. apríl 2013. Yfirborðsmerking akbrauta, með sprautuplasti og vegmössun, árin 2013-2014. Um er að ræða merking miðlína, deililína, kantlína og stakar merkingar á Suðursvæði Vegagerðarinnar.

Helstu magntölur, miðað við tvö ár, eru:

Flutningur vinnuflokks	1.000 km
Miðlínur	700.200 m
Deililínur	152.000 m
Kantlínur	500.000 m
Biðskylduþríhyrningar	3.400 stk.
Stakar merkingar, vegmössun	16.000 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2014.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	180.444.500	100,0	42.856
3 Veg-Verk ehf., Kópavogi	169.360.000	93,9	31.772
2 Vegamálun ehf., Kópavogi	144.779.000	80,2	7.191
1 Hestvík ehf., Reykjavík	137.588.500	76,2	0

Lýsing á verkefni

Skýrslan fjallar um hönnun og þróun á mælitæki, Segrometer-4SCC, sem ætlað er að meta aðskilnað í sjálftúleggjandi steinsteypu. Mælitækið má einnig nota til að meta hefðbundna titraða steypu. Verkefnið er að meginhluta styrkt af Tækniþróunarsjóði Rannís, Íbúðalánasjóði auk Vegagerðarinnar. Skýrsluhöfundar telja að þróun mælitækisins hafi heppnast mjög vel.

byggingariðnaðarins, en Nýsköpunarmiðstöð Íslands varð til við sameiningu Rannsóknarstofnunar Byggingariðnaðarins (Rb) og Iðntæknistofnunar (ITÍ). Þróun mælitækisins Segrometer-4SCC, byggir að hluta til á reynslunni af Rheometer-4SCC og getur mælt stöðugleika steypunnar með tilliti til aðskilnaðar. Markmiðið með þessu er einnig að auka möguleika kerfisins Rheometer-4SCC, þannig að kaupandinn sjái sér meiri hag í að fjárfesta í búnaðinum (aukin samkeppnishæfni).

Auk ofangreindra seigjumælinga, sem mjög mikilvægt er að hafa við rannsóknir og gæðaeftirlit á steypu, þá eru upplýsingar um mögulegan aðskilnað steypu í fersku ástandi afar mikilvægar. Skemmdir og tjón í steypum nýbyggingum vegna óstöðugrar steypu (aðskilnaðar) kosta íslenskt samfélag hundruðir milljóna króna á ári hverju sem einkum kemur fram í steypuskemmdum seinna meir með tilheyrandi viðhaldi en

einnig viðgerðum á nýsteiptum mannvirkjum.

Þó svo að Segrometer-4SCC sé ætlaður fyrir sjálftúleggjandi steinsteypu, þá er ekkert því til fyrirstöðu að nota hann einnig til mælinga á hefðbundinni, titraðri steypu. Ástæða þess að megináherslan er lögð á sjálftúleggjandi steinsteypu (SCC, þ.e.a.s. SÚL steypu) í þessu verkefni, er að markaðurinn og styrktaraðilar eru fremur tilbúnir að fjárfesta í mælitækjum fyrir hágæðasteypu (SÚL) heldur en fyrir hefðbundna, titraða steypu. En það er athyglisvert að notkun á sjálftúleggjandi steypu er á tiltölulega stuttum tíma orðin þriðjungur af steypuframléiðslu í Danmörku.

Athuga ber að verkefnið „SÚL steypa - Mat á aðskilnaði“, sem áður var styrkt af Íbúðalánasjóði til eins árs hefur þjónað sem undanfari núverandi verkefnis „Stöðuleiki og seigjustýring steinsteypu“. Skýrslu til Íbúðalánasjóðs varðandi fyrrgreinds verkefnis var skilað árið 2008. Til þess að hafa heildstæðan og samhangandi texta um þróun Segrometer-4SCC þá er efni úr þeirri skýrslu endurtekið hér. Núverandi skýrsla mun verða stækkandi skjal þar sem upplýsingar um þróun, hindranir, lausnir og önnur málefni tengt tækinu verður stanslaust bætt við og uppfærðar eftir þörfum. Það er að segja, eftir sem líður á, þá eru nýjum köflum bætt við og jafnframt verða eldri kaflar uppfærðir þegar við á.

Verkefnið fékk styrk úr Tækniþróunarsjóði Rannís haustið 2007 og er til þriggja ára, þannig að Íbúðalánasjóður er skilgreindur sem meðstyrktaraðili þess verkefnis. ■

Hvalfjarðargöng lokuð yfir nótt vegna viðhaldsvinnu og þrifa -sjá forsiðu



Nákvæmlega kl. 12 á miðnætti var Hringvegi lokað og umferð beint inn á Hvalfjarðarveg með stórum skiltavagni og keilum.



Uppsetning á nýjum ljósaskiltum.



Svona vinna er ógerleg ef umferð er í göngunum.



Öhreinindin sópuð upp eftir að veggirnir hafa verið spilaðir.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
13-026 Hróarstunguvegur (925), Hringvegur - Litli-Bakki	2013
13-027 Festur og yfirlögn á Þverárfjallsvegi 2013	2013
13-023 Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Mjóafjörð	2013
13-014 Endurbætur á Hringvegi (1), Fornihvammur - Heiðarsporður	2013
13-015 Efnisvinsla á Norðursvæði	2013
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri	2013
13-005 Ingjaldssandsvegur (624), Vestfjarðavegur - Núpur	2013
12-056 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	2013
13-002 Vatnsnesvegur (711), Hvammstangi - Skarð	2013
13-003 Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Örlygsstaðir	2013
13-006 Melasveitarvegur (505), Hringvegur - Bakki	2013
12-053 Hringvegur (1) um Múlakvísl, brúargerð og vegagerð	2013
12-052 Hringvegur (1) um Múlakvísl, varnargarðar	2013
12-051 Hringvegur (1) um Hellisheiði	2013
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
13-016 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2013, blettanir með klæðingu	2013
13-004 Staðarbraut (854), Aðaldalsvegur - Laxá	2013
13-021 Norðfjarðargöng, eftirlit	2013
13-024 Biskupstungnabraut (35), styrking ofan Brúarár	08.04.13 23.04.13

Niðurstöður útboða

Yfirlagnir á Austursvæði 2013, klæðing 13-011				
Tilboð opnuð 9. apríl 2013. Yfirlagnir með klæðingu á Austursvæði á árinu 2013.				
Helstu magntölur eru:				
Yfirlagnir með				
einföldu lagi klæðingar 187.000 m ²				
Hjólfaralagnir og axlir 33.100 m ²				
Blettanir 66.800 m ²				
Flutningur steinefna 4.100 m ³				
Flutningur bindiefnis. 450 tonn				
Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2013.				
nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Borgarverk ehf., Borgarnesi	55.400.000	101,1	3.480
---	Áætlaður verktakakostnaður	54.800.000	100,0	2.880
1	Geotækni ehf., Selfossi	51.920.000	94,7	0

Auglýst útboð, framhald	Auglýst:	Opnað:
13-009 Yfirlagnir á Vestursvæði 2013, klæðing	08.04.13	23.04.13
13-012 Yfirlagnir á Suðursvæði 2013, malbik	08.04.13	23.04.13
13-008 Yfirlagnir á Suðursvæði 2013, klæðing	08.04.13	23.04.13
13-013 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2013, repave-fræsing og malbik	08.04.13	23.04.13
13-020 Norðfjarðarvegur (92), brú á Norðfjarðará	25.03.13	16.04.13
13-022 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hvaleyrarholt	25.03.13	16.04.13
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
13-010 Yfirlagnir á Norðursvæði 2013, klæðing	25.03.13	09.04.13
13-011 Yfirlagnir á Austursvæði 2013, klæðing	25.03.13	09.04.13
13-018 Yfirborðsmerkingar á Suðursvæði 2013-2014, sprautuplast og mössun	25.03.13	09.04.13
12-030 Norðausturvegur (85), Bungufloí - Vopnafjörður, endurútboð	11.03.13	03.04.13
13-019 Skaftártunguvegur (208), Svínadalsvegur - Tungufjót	25.02.13	12.03.13
13-017 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2013-2014	25.02.13	19.03.13
12-055 Fáskrúðsfjarðargöng endurbætur á rafkerfi 2013	17.12.12	22.01.13
12-031 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07.08.12	18.09.12
Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
Engir samningar hafa verið undirritaðir frá 13.03.13		
Forvali lokið lokið	Opnað:	
12-045 Norðfjarðargöng, forval Opnun tilboða verður 16.04.13	13.11.12	

Yfirlagnir á Norðursvæði 2013, klæðing 13-010				
Tilboð opnuð 9. apríl 2013. Yfirlagnir með klæðingu á Norðursvæði á árinu 2013.				
Helstu magntölur eru:				
Yfirlagnir með				
einföldu lagi klæðingar 225.875 m ²				
Hjólfaralagnir og axlir 150.070 m ²				
Blettanir 143.040 m ²				
Flutningur steinefna 7.400 m ³				
Flutningur bindiefnis. 850 tonn				
nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	108.026.000	100,0	19.999
2	Geotækni ehf., Selfossi	98.239.000	90,9	10.212
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	88.027.000	81,5	0
Við opnun tilboða var lesin upp röng kostnaðaráætlun				